

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Vallahreppi, S.-Múl.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Vallahreppi og aðgangur er seldur að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

- a) Hjómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Fyrirlestrar og upplestrar.
- e) Kvikmyndir og skuggamyndasýningar.

2. flokkur.

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af inn- gangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 15%. Ef skemmtunin er margþætt, ákveður hreppsnefnd við hvern þáttinn skatturinn er miðaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu að einhverju eða öllu leyti frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til eflingar fræðslu og menningarstarfsemi.

5. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum, ef þess þykir þörf. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum hreppsins.

6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal tilkynna skrifstofu hreppsins, hvar og hvenær skemmtunina á að halda. Afhendir hann eða þeir hreppsnefnd aðgöngumiða, nægilega marga, sem hreppsnefnd stimplar, og skal um leið greiða fjárhæð, sem nemur skattinum af þessum miðum. Þegar skemmtun er lokið, skal sá, sem fyrir henni stóð, afhenda á hreppsskrifstofunni eða löggæzlu- manni á skemmtistað alla ónotaða aðgöngumiða, og fær þá endurgreiddan skattinn af þeim.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skemmtanagjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í hrepps sjóð, en féð skal þó varðveita í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar. 31. júlí

Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningum, og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Fé sjóðsins skal verja til hvers konar menningarstarfsemi í Vallahreppi, svo sem til styrktar heilbrigðri félagsstarfsemi í hreppnum og til styrktar íþróttalífi og listum.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal fara með sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1961.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Húnasjóð, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. ágúst 1961. 84 2. ágúst

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Húnasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Húnasjóður. Heimili hans og varnarþing er á Hvammstanga.

2. gr.

Sjóðinn stofna hjónin Ásgeir Magnússon og Unnur Ásmundsdóttir til þess að minnst Alþýðuskóla Húnavetninga, sem Ásgeir stofnaði og rak á Hvammstanga árin 1913—20.

Stofnfé sjóðsins er:

a. Upphaflegt stofnfé Húnasjóðs:

Frá Ásgeiri Magnússyni og Unni Ásmundsdóttur	kr.	3000.00
Frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu	—	1000.00
Vextir	ca.	2000.00

b. Framlag frá Ásgeiri og Unni	—	24000.00
--------------------------------------	---	----------

Samtals kr. 30000.00

Framlagið, kr. 24000.00, verður innt af höndum í reiðu fé, jafnskjótt og sýslunefnd V.-Hún. hefur fallizt á að taka við sjóðnum og fengin er staðfesting, sem um getur í 7. grein. Sýslunefnd V.-Hún. leggur sjóðnum árlega — meðan hún sér ástæðu til — eitthvert fé, sem hún ákveður hverju sinni, eða sér sjóðnum á annan hátt fyrir einhverjum tekjustofni. Einnig má efla sjóðinn með gjöfum og áheitum.